

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Ár 2014, mánudaginn 28. júlí, kl. 13,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Brynjari Níelssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2014:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) knattspyrnudeild

gegn

aga og úrskurðarnefnd KSÍ.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi:

Dómur.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Brynjar Níelsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aganefndar var kveðinn upp 22. júlí 2014 og var kæra móttækin 24. sama mánaðar.

Samkvæmt hinum kærða úrskurði var Kassim Doumbia leikmaður í lið Fimleikafélags Hafnarfjarðar (FH) knattspyrnudeildar úrskurðaður í þriggja leikja bann.

Áfrýjandi krefst þess að aðallega að hin kærði úrskurður verði ómerktur en til vara að leikbann Kassim Doumbia verði stýtt úr 3 leikjum í 2 leikja bann.

Engar kröfur hafa borist frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál skal aganefndin úrskurðað um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara. Nefndin hefur gert það í máli þessu.

Samkvæmt grein 6.2. í reglugerðinni getur leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs, sem fær brottvísun, gert skriflega athugasemd við aga- og úrskurðarnefnd til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Engar athugasemdir bárust aga- og úrskurðarnefnd. Fyrir liggur að leikmaðurinn fékk tvö gul spjöld í leiknum sem leiddi til brottvísunar hans.

Samkvæmt gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dóminn, né heldur skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að frá nefndri meginreglu verði vikið.

Fram kemur í skýrslu dómara leiksins að Kassim Doumbia hafi gerst sekur um óþrúðmannlega framkomu gagnvart dómara í leik Breiðabliks og FH 21. júlí sl. Á grundvelli skýrslu dómarans var Kassim Doumbia, sem er leikmaður FH dæmdur í þriggja leikja bann.

Dómurinn telur ekkert fram komið í gögnum málsins sem gefur tilefni til að efast um hæfi einstakra nefndarmanna í aga- og úrskurðarnefnd við meðferð máls þessa. Verður úrskurður nefndarinnar því ekki ógilur. Ekkert er heldur fram komið sem gefur tilefni til að milda leikbannið sem aga- og úrskurðarnefnd ákvað. Hinn kærði úrskurður aga og úrskurðarnefndar um þriggja leikja bann Kassim Doumbia er því staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður um þriggja leikja bann Kassim Doumbia er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson.

Guðmundur Pétursson.

Brynjar Níelsson.